

Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar

2014-2018

Samþykkt í borgarstjórn 3. desember 2013



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Inngangur borgarstjóra	1
-------------------------------------	----------

Fimm ára áætlun 2014-2018

Samstæða A og B hluti

Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur.....	8
Sjóðstreymi.....	10

A hluti

Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur.....	14
Sjóðstreymi.....	16

Forsendur fimm ára áætlunar 2014-2018.....	17
---	-----------

Meginniðurstöður fimm ára áætlunar	31
---	-----------

Fimm ára áætlun 2014-2018 á breytilegu verðlagi	37
--	-----------

Breytilegt verðlag og sviðsmyndir	51
--	-----------

Áherslur sviða	67
-----------------------------	-----------

INNGANGUR BORGARSTJÓRA

Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar er sett fram í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar sem samþykktar voru af borgarráði 9. febrúar 2012 og til uppfyllingar 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/-2011 um gerð fjögurra ára fjárhagsáætlana.

Áætlunin er sett fram á föstu verðlagi í samræmi við venjur um túlkun lagaskyldu um gerð þriggja ára áætlana skv. eldri sveitarstjórnarlögum en ekki er kveðið á um í lögum eða reglum hvort setja skuli fjögurra ára fjárhagsáætlanir á föstu verðlagi eða verðlagi hvers árs. Það þykir hins vegar óvarlegt að gera fjárhagsáætlun til fimm ára án þess að rýna rækilega áhrif verðlags, launa og gengis á rekstrarniðurstöðu, efnahag og sjóðsstreymi hjá A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

Þess vegna er í greinargerð með áætluninni lýst annarsvegar áhrifum sem taka tillit til breytilegs verðlags og hinsvegar stillt upp tveimur sviðsmyndum miðað við allt aðra þróun á ytri breytum og skoðað hvaða áhrif það hefur á rekstur, sjóðsstreymi og efnahag. Með þessu er reynt að varpa ljósi á áhrif mismunandi þróunar í ytri rekstrarskilyrðum og áhættur sem tengjast því til að gera borgarfulltrúa betur í stakk búna til að bregðast tímanlega við breyttum aðstæðum.


Í forsendum áætlunarinnar er unnið út frá áætluðum magnbreytingum, s.s fjölgun barna í grunnskólum, frístund og leikskólum og áætlun um fjölgun þeirra sem njóta velferðarúrræða m.a. vegna aldurs og fjárhagsaðstoðar.

Meginniðurstöður áætlunar (á föstu verðlagi) sýna að bæði A-hluti og samstæða skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll rekstrarár fimm ára áætlunar, skuldir lækka og eigið fé vex um rúma 15 milljarða yfir tímabilið. Rekstrarniðurstæða samstæðunnar sýnir mikinn og vaxandi afgang allt tímabilið, lækkun skulda um 73 milljarða og mjög mikla aukningu eigin fjár.

Meginniðurstöður fimm ára áætlunar á breytilegu verðlagi sýna minni rekstrarafgang í A-hluta en engu að síður jákvæða niðurstöðu öll árin. Skuldir lækka um 2 milljarða og eigið fé eykst um 4,5 milljarða til 2018 m.v. 2013. Þannig uppfyllir A-hluti báðar meginfjármálareglurnar um jafnvægi og skuldahlutfall. Samstæðan skilar umtalsverðum afgangi öll árin sem er nauðsynlegt til þess að draga úr skuldum samstæðunnar í samræmi við nýjar fjármálareglur sveitarfélaga og aðgerðaráætlun eigenda og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan uppfyllir vel jafnvægisregluna allt tímabilið en skuldahlutfallið er komið undir 150% á árinu 2018 en samstæðan uppfyllir nú þegar skuldaregluna samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fjárhagsleg viðmið. Í þessu samhengi er ekki aðeins horft til næstu fimm ára heldur næstu 10 ára vegna óskar Eftirlitsnefndar sveitarfélaga á síðasta ári að Reykjavíkurborg skili áætlun um hvernig og hvenær uppfyllt verði skilyrði fjármálareglna.

Ég tel vel hafa til tekist um þessa breytingu á framsetningu og umfjöllun um áætlunina. Í því felst þó engin víska um að næstu fimm ár gangi nákvæmlega eftir eins og áætlunin segir fyrir um. Þvert á móti er áætlunargerðin ekki síður hugsuð til þess að vera til stuðnings þegar bregðast þarf við breytingum í ytri skilyrðum sem án efa munu verða önnur en nákvæmlega þau sem forsendur áætlunarinnar gera ráð fyrir, ekki síst þegar lengra dregur. Tilgangur þessarar umfjöllunar er að búa okkur undir að geta tekið skynsamlegar ákvarðanir þegar þar að kemur.

Reykjavík er frábær borg. Ódýr og góð þjónusta borgarinnar laðar stöðugt fleira fólk til höfuðborgarinnar. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er sóknaráætlun á sama tíma og hún endurspeglar ábyrga fjármálastjórn.



5 ára áætlun 2014-2018

á föstu verðlagi

Samstæða

A og B hluti

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Rekstrarreikningur					
Tekjur:					
Skatttekjur.....	62.351.194	62.800.290	63.648.326	64.327.677	64.973.311
Framlög jöfnunarsjóðs.....	5.438.000	5.472.719	5.547.982	5.606.474	5.661.279
Aðrar tekjur.....	64.495.835	66.507.512	67.556.590	70.870.521	71.002.931
	132.285.030	134.780.521	136.752.898	140.804.672	141.637.521
Gjöld:					
Laun og launatengd gjöld.....	54.220.842	52.430.603	52.845.163	53.153.369	53.470.851
Annar rekstrarkostnaður.....	45.205.080	45.639.743	45.717.293	46.276.519	46.580.272
Afskriftir.....	14.491.379	15.009.268	15.704.521	16.067.346	16.331.451
	113.917.301	113.079.614	114.266.977	115.497.234	116.382.574
Niðurstaða án fjármagnsliða	18.367.729	21.700.906	22.485.921	25.307.438	25.254.947
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(9.203.210)	(4.972.493)	(5.455.332)	(4.438.119)	(4.021.163)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	9.164.519	16.728.413	17.030.589	20.869.319	21.233.785
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	(1.037.081)	(1.263.797)	(1.409.649)	(1.496.772)	(1.668.671)
Rekstrarniðurstaða.....	8.127.438	15.464.616	15.620.940	19.372.547	19.565.114
	* Á föstu verðlagi				

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir	145.069.354	146.967.762	147.670.456	147.078.346	145.745.586
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	241.420.400	242.533.214	238.784.556	237.612.115	239.891.004
Aðrar eignir	8.801.469	9.885.833	10.713.854	10.836.984	11.067.714
Leigueignir	7.329.857	6.914.125	6.498.394	6.082.663	5.666.932
	402.621.079	406.300.935	403.667.259	401.610.107	402.371.236
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignahlutir í félögum	3.772.556	3.928.856	4.085.156	4.241.456	4.397.756
Langtímakröfur	2.398.849	2.374.701	2.155.259	2.144.656	2.144.656
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur	4.205.490	(6.647.121)	(8.464.900)	(9.571.311)	(10.600.430)
	10.376.895	(343.564)	(2.224.485)	(3.185.199)	(4.058.018)
Fastafjármunir	412.997.975	405.957.371	401.442.774	398.424.908	398.313.218
Veltufjármunir:					
Birgðir.....	663.935	683.935	693.935	703.935	693.935
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	12.046.399	12.039.399	12.051.899	12.047.899	12.044.899
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	17.346.411	20.501.095	22.580.516	24.897.514	28.141.973
Næsta árs afborganir langtímakrafna	451.052	63.287	258.581	49.741	39.139
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	80	9.530.163	80	80	0
Verðbréf.....	0	0	0	0	0
Handbært fé.....	20.400.601	10.905.053	18.172.925	20.891.640	19.308.223
Veltufjármunir	50.908.478	53.722.933	53.757.935	58.590.809	60.228.169
Eignir samtals	463.906.452	459.680.303	455.200.709	457.015.717	458.541.387
		* Á föstu verðlagi			

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
31. desember					
Eigið fé og skuldir					
Eiginfjárreikningar:					
Eigið fé.....	164.159.707	180.065.362	195.880.229	215.450.467	235.241.446
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	8.197.044	8.197.044	8.197.044	8.197.044	8.197.044
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbindingar.....	16.090.269	14.490.471	12.690.674	10.690.878	8.491.083
Aðrar skuldbindingar.....	1.663.242	2.908.414	4.302.836	3.708.573	3.690.741
	17.753.511	17.398.885	16.993.510	14.399.451	12.181.824
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....	223.873.276	208.757.099	195.090.955	180.848.219	168.155.198
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	(0)	(0)	0	(0)	0
Leiguskuldir.....	11.510.397	10.982.297	10.454.197	9.926.097	9.397.997
	235.383.673	219.739.396	205.545.152	190.774.317	177.553.196
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....	4.667.186	4.657.186	4.647.186	4.637.186	4.627.186
Reiknuð fjárþörf.....	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir.....	4.195.761	4.197.261	4.545.761	4.199.761	4.203.761
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	20.469.970	16.351.346	10.182.172	7.891.480	4.235.257
Aðrar skammtímaskuldir.....	9.079.600	9.073.822	9.209.654	11.466.011	12.301.673
	38.412.517	34.279.615	28.584.773	28.194.438	25.367.877
Skuldir og skuldbindingar samtals	291.549.701	271.417.897	251.123.436	233.368.206	215.102.897
Eigið fé og skuldir samtals	463.906.452	459.680.303	455.200.709	457.015.717	458.541.387
	* Á föstu verðlagi				

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Sjóðstreymisyfirlit					
Rekstrarhreyfingar:					
Niðurstaða ársins.....	8.127.438	15.464.616	15.620.940	19.372.547	19.565.114
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Reiknaðar afskriftir	14.491.379	15.009.268	15.704.521	16.067.346	16.331.451
Verðbætur og gengismunur	4.722.991	901.409	931.678	962.251	996.198
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(1.604.826)	(1.475.044)	(1.225.285)	(3.335.539)	(2.195.860)
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur, breyting	1.698.218	1.329.448	1.825.199	1.114.031	1.036.819
Aðrar breytingar	0	0	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum	3.633.292	1.395.374	1.544.625	(444.059)	132.373
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	31.068.492	32.625.072	34.401.678	33.736.578	35.866.094
Breytingar á skammtímaliðum:					
Birgðir, lækkun (hækkun)	(10.000)	(20.000)	(10.000)	(10.000)	10.000
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	72.300	7.000	(12.500)	4.000	3.000
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(2.642.092)	(3.154.684)	(2.079.420)	(2.316.998)	(3.244.459)
Afborganir skuldbindinga.....	(1.550.000)	(1.750.000)	(1.950.000)	(2.150.000)	(2.350.000)
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)	(30.738)	(4.278)	484.332	1.910.357	839.662
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(4.160.530)	(4.921.962)	(3.567.588)	(2.562.641)	(4.741.797)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	26.907.962	27.703.110	30.834.089	31.173.937	31.124.297
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(17.128.799)	(18.839.993)	(13.226.551)	(14.170.968)	(17.259.775)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	1.751.358	1.625.913	1.380.991	3.496.313	2.363.055
Eignahlutir í félögum, breyting.....	1.611.000	(156.300)	(156.300)	(156.300)	(156.300)
Langtímakröfur, breyting.....	424.232	411.913	24.148	219.442	10.603
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	(6.900)	(6.920)	9.522.663	(7.620)	(7.620)
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(13.349.109)	(16.965.387)	(2.455.049)	(10.619.133)	(15.050.037)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	12.375	12.375	12.375	12.375	12.375
Breyting á hlutafé.....	669.780	428.664	181.552	185.316	213.490
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	3.237.039	2.913.878	2.078.706	997.584	830.566
Afborganir langtímalána.....	(23.381.997)	(23.578.188)	(23.373.802)	(19.021.363)	(18.704.108)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	(0)	0	(0)	(0)	0
Skammtímalán, breyting.....	(15.000)	(10.000)	(10.000)	(10.000)	(10.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(19.477.803)	(20.233.271)	(21.111.169)	(17.836.088)	(17.657.677)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(5.918.949)	(9.495.547)	7.267.871	2.718.716	(1.583.418)
Handbært fé (fjárpörf) í ársbyrjun	26.319.550	20.400.601	10.905.053	18.172.925	20.891.640
Handbært fé (fjárpörf) í árslok	20.400.601	10.905.053	18.172.925	20.891.640	19.308.223
	* Á föstu verðlagi				

A hluti

Samandregið Aðalsjóður og Eignasjóður og Bílastæðasjóður

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Rekstrarreikningur					
Tekjur:					
Skatttekjur.....	63.062.106	63.511.201	64.359.237	65.038.588	65.684.222
Framlög jöfnunarsjóðs.....	5.438.000	5.472.719	5.547.982	5.606.474	5.661.279
Aðrar tekjur.....	13.736.238	13.992.735	13.835.778	16.017.027	14.942.003
	82.236.343	82.976.655	83.742.996	86.662.089	86.287.504
Gjöld:					
Laun og launatengd gjöld.....	44.991.687	42.901.277	43.149.536	43.330.476	43.563.434
Annar rekstrarkostnaður.....	32.501.870	32.952.207	33.093.948	33.250.624	33.416.728
Afskriftir.....	3.883.487	4.111.338	4.305.396	4.452.426	4.514.040
	81.377.044	79.964.821	80.548.880	81.033.526	81.494.202
Niðurstaða án fjármagnsliða	859.299	3.011.834	3.194.116	5.628.563	4.793.302
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(364.299)	65.591	(69.450)	(124.565)	(55.914)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	495.000	3.077.425	3.124.666	5.503.998	4.737.388
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	495.000	3.077.425	3.124.666	5.503.998	4.737.388
	* Á föstu verðlagi				

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir	86.369.127	87.885.742	88.556.757	88.261.604	87.466.696
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	13.765.478	14.981.200	15.100.321	14.561.343	14.809.405
Aðrar eignir	2.730.640	3.097.697	3.327.895	3.075.332	2.883.870
Leigueignir	7.329.857	6.914.125	6.498.394	6.082.663	5.666.932
	110.195.101	112.878.763	113.483.368	111.980.942	110.826.902
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignahlutir í félögum	7.637.413	7.793.713	7.950.013	8.106.313	8.262.613
Langtímakröfur	1.721.585	1.706.828	1.480.752	1.466.235	1.466.235
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	14.639.921	13.896.620	12.849.278	11.545.070	10.155.550
Aðrar langtímakröfur	0	0	0	0	0
	23.998.918	23.397.162	22.280.043	21.117.618	19.884.398
Fastafjármunir	134.194.020	136.275.925	135.763.410	133.098.560	130.711.301
Veltufjármunir:					
Birgðir.....	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	6.880.244	6.880.244	6.880.244	6.880.244	6.880.244
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	206.412	206.412	206.412	206.412	206.412
Aðrar skammtímakröfur	2.208.974	2.208.974	2.208.974	2.208.974	2.208.974
Næsta árs afborganir langtímakrafna	331.222	758.057	1.273.419	1.368.067	1.457.642
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	0	0	0	0	0
Verðbréf.....	0	0	0	0	0
Handbært fé.....	8.224.030	6.922.215	7.254.524	10.831.004	13.196.750
Veltufjármunir	17.850.882	16.975.902	17.823.573	21.494.701	23.950.022
Eignir samtals	152.044.902	153.251.827	153.586.984	154.593.262	154.661.323
	* Á föstu verðlagi				

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
31. desember					
Eigið fé og skuldir					
Eiginfjárreikningar:					
Eigið fé.....	84.981.319	88.058.744	91.183.410	96.687.408	101.424.796
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	0	0	0	0	0
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbindingar.....	15.528.491	13.889.491	12.050.491	10.011.491	7.772.491
Aðrar skuldbindingar.....	0	0	0	0	0
	15.528.491	13.889.491	12.050.491	10.011.491	7.772.491
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....	28.033.707	28.170.418	27.609.329	25.707.406	23.973.638
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0
Leiguskuldir.....	11.510.397	10.982.297	10.454.197	9.926.097	9.397.997
	39.544.104	39.152.715	38.063.526	35.633.504	33.371.635
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárþörf.....	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir.....	2.554.817	2.554.817	2.554.817	2.554.817	2.554.817
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	51.005	51.005	51.005	51.005	51.005
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	2.180.820	2.340.709	2.479.390	2.450.692	2.282.234
Aðrar skammtímaskuldir.....	7.204.345	7.204.345	7.204.345	7.204.345	7.204.345
	11.990.987	12.150.876	12.289.557	12.260.859	12.092.401
Skuldir og skuldbindingar samtals	67.063.582	65.193.083	62.403.574	57.905.854	53.236.527
Eigið fé og skuldir samtals	152.044.902	153.251.827	153.586.984	154.593.262	154.661.323
	* Á föstu verðlagi				

	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Sjóðstreymisyfirlit					
Rekstrarhreyfingar:					
Niðurstaða ársins.....	495.000	3.077.425	3.124.666	5.503.998	4.737.388
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Reiknaðar afskriftir	3.883.487	4.111.338	4.305.396	4.452.426	4.514.040
Verðbætur og gengismunur	648.034	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(1.600.000)	(1.470.000)	(1.220.000)	(3.330.000)	(2.190.000)
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0
Aðrar breytingar	0	0	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum	2.575.000	111.000	111.000	111.000	111.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	6.001.521	5.829.763	6.321.062	6.737.424	7.172.427
Breytingar á skammtímalíðum:					
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0
Afborganir skuldbindinga.....	(1.550.000)	(1.750.000)	(1.950.000)	(2.150.000)	(2.350.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	0	0	0	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(1.550.000)	(1.750.000)	(1.950.000)	(2.150.000)	(2.350.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	4.451.521	4.079.763	4.371.062	4.587.424	4.822.427
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(7.325.000)	(6.795.000)	(4.910.000)	(2.950.000)	(3.360.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	1.600.000	1.470.000	1.220.000	3.330.000	2.190.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(289.000)	(156.300)	(156.300)	(156.300)	(156.300)
Langtímakröfur, breyting.....	136.083	261.706	14.756	226.077	14.517
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	66.138	69.516	743.300	998.000	1.285.429
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(5.811.779)	(5.150.078)	(3.088.243)	1.447.776	(26.355)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	0	0
Breyting á hlutfé.....	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	8.169	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	2.179.500	1.936.500	1.371.000	0	0
Afborganir langtímalána.....	(1.962.289)	(2.168.000)	(2.321.509)	(2.458.720)	(2.430.326)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	225.380	(231.500)	(950.509)	(2.458.720)	(2.430.326)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.134.878)	(1.301.815)	332.309	3.576.480	2.365.746
Handbært fé (fjárpörf) í ársbyrjun	9.358.909	8.224.030	6.922.215	7.254.524	10.831.004
Handbært fé (fjárpörf) í árslok	8.224.030	6.922.215	7.254.524	10.831.004	13.196.750
	* Á föstu verðlagi				

FORSENDUR 5 ÁRA ÁÆTLUNAR 2014-2018

Helstu þjóðhagsforsendur

Forsendur fimm ára áætlunar 2014-2018 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem er dagsett 28. júní sl.

Tafla : Helstu þjóðhagsforsendur Hagstofu Íslands (júnispá 2013)

Þjóðhagslegar forsendur Hagstofuspár	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Einkaneysla	2,7	1,9	3,0	3,1	3,1	3,2	3,2
Samneysla	-0,2	0,5	0,0	0,2	1,3	1,5	1,7
Fjármunamyndun	4,4	-3,6	14,1	12,5	2,5	6,9	7,7
Atvinnuvegafjárfesting	8,6	-14,3	13,4	13,3	-3,9	4,6	8,0
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	6,9	23,7	25,9	13,6	14,5	10,2	6,6
Fjárfesting hins opinbera	-17,0	20,9	0,2	7,1	13,1	11,2	8,8
Þjóðarútgjöld, alls	1,9	0,5	3,8	3,7	2,5	3,5	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	3,9	2,3	2,6	2,9	3,8	3,9	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu	4,8	0,2	4,5	4,4	3,5	5,0	3,7
Verg landsframleiðsla	1,6	1,7	2,7	2,8	2,8	2,9	2,9
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	6,3	6,6	5,5	4,8	5,3	5,1	4,8
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-4,9	-1,0	-3,4	-3,9	-3,3	-2,8	-2,6
Viðskiptajöfnuður án innlánsstofnana í slita-meðferð, % af VLF	0,8	1,2	0,0	-0,7	-0,4	-0,4	-0,4
Vísitala neysluverðs	5,2	3,5	3,0	2,5	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala	2,4	-0,6	0,6	0,2	0,0	0,0	0,0
Raungengi	0,6	1,9	1,0	0,5	0,6	0,5	0,5
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	5,8	4,8	4,5	4,2	3,8	3,7	3,5
Launavísitala	7,8	5,5	5,6	4,5	4,3	5,2	5,3
Alþjóðlegur hagvöxtur	0,8	1,0	1,9	2,2	2,3	2,3	2,4
Alþjóðleg verðbólga	2,2	1,7	1,8	1,8	1,9	1,9	2,1

Ísland er lítið hagkerfi sem flytur út um helming þjóðarframleiðslunnar og flytur inn svipað hlutfall. Fá lönd eru jafn háð ástandinu á alþjóðamörkuðum og Ísland. Meginútflutningsgreinarnar eru sjávarútvegur, áliðnaður og ferðamannþjónusta en einnig í vaxandi mæli sprotafyrirtæki í iðnaði og þjónustu. Próun efnahagsmála á helstu viðskiptasvæðum landsins eins og á EES svæðinu og Bandaríkjunum skiptir okkur miklu máli. Ísland er mjög háð innflutningi og verðbreytingar á alþjóðamörkuðum hafa yfirleitt bein og mikil áhrif. Tekjusköpun útflutningsgreinanna setur bæði einkaneyslu landsmanna og innflutningi skýr mörk til lengri tíma en einnig til skamms tíma í þeirri stöðu sem lánamarkaðir eru í um þessar mundir.


Reykjavík er eins konar miðja í þessu hagkerfi með aðsetur allra helstu stjórnsýslu- og fjármálastofnana. Í borginni eru einnig helstu iðnaðar- og þjónustufyrirtæki og þungamiðjan í ferðamannaiðnaðinum.

Þegar horft er til næstu 5-10 ára ræðst efnahagsleg framvinda í Reykjavík bæði af ytri skilyrðum þjóðarbúsins en einnig af innri skilyrðum s.s. skipulagsákvörðunum, framboði á lóðum og íbúðum og samkeppnishæfni með tilliti skatta, gjalda og þjónustu.

Helstu hagspár um hagvöxt, einkaneyslu og fjárfestingar á Íslandi

Forsendur fimm ára áætlunar 2014-2018 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem er dagsett 28. júní sl. Ekki eru gefnar út svæðisbundnar spár um þróun hagstærða svo gert er ráð fyrir því að þróun í Reykjavík fylgi þróun á landsvísu, enda þótt margt bendi til að þróun í Reykjavík geti orðið önnur. Hér á eftir verða ræknir megindrættir í spá Hagstofunnar og til að varpa frekara ljósi á horfur næstu ára er hún borin saman við spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og Seðlabanka Íslands (SÍ) frá ágúst sl. og spá Alþýðusambands Íslands (ASÍ) frá júlí.

Hagstofan spáir að hagvöxtur yfirstandandi árs nemi 1,7%. Síðan er gert ráð fyrir jöfnum vexti til ársins 2018 milli 2,7% og 2,9% á ári sem er aðeins yfir meðalhagvexti síðastliðinna 30 ára. Áætlaður vöxtur ársins 2013 hefur lækkað um prósentustig frá sumarspá Hagstofunnar 2012 en horfur árána 2014-2017 eru nánast óbreyttar. Tveir megindrifkraftar eru sagðir að baki spá Hagstofu, einkaneysla og fjárfesting.




Eins og myndin að ofan sýnir eiga spár Hagstofu, AGS og SÍ það sammerkt að gert er ráð fyrir jöfnum hagvexti frá 2014. Spá SÍ fylgir í aðalatriðum spá Hagstofunnar um vöxt árána 2014-2015 en AGS er svartsýnni og spáir meðalvexti upp á 2,2% árin 2014-2018. Í spá ASÍ er hins vegar gert ráð fyrir litlum hagvexti árið 2014 en að hann taki við sér árið 2015 og verði þá í samræmi við spár Hagstofu og SÍ. Víkið verður nánar að þessu í umfjöllun um einkaneyslu og fjármunamyndun hér á eftir.

Á fyrri hluta ársins 2012 varð talsverður vöxtur í einkaneyslu m.a. vegna bætts ástands á vinnumarkaði, aukins kaupmáttar launa, fyrirframgreiðslu séreignarsparnaðar og sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu. Á síðari hluta ársins dró verulega úr vextinum og var það rakið til hægari bata á vinnumarkaði og minni áhrifa séreignarsparnaðar. Sérstakri vaxtaniðurgreiðslu var hætt á yfirstandandi ári og miðað við núgildandi lög er ekki gert ráð fyrir að tíma-bundin heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar verði framlengd. Því má ætla að næstu árin ráðist einkaneysla fyrst og fremst af eftirspurn eftir vinnuafli og kaupmáttarþróun ráðstöfunartekna heimilanna.

Árin 2013-2015 stóð til að endurskoða húsneðisbótakerfið í heild sinni. Fyrsta aðgerðin í átt að nýju kerfi var hækkun grunnfjárhæðar og tekjuviðmiða almennra húsaleigubóta í upphafi árs 2013. Með tilliti til þess sem fram kemur í frumvarpi að fjárlögum er mikil óvissa um þróun þessa kerfis til næstu ára en hún getur haft nokkuð að segja um ráðstöfunartekjur heimilanna. Einnig hafa undanfarin tvö ár fallið dómur í Hæstarétti sem kalla á endur-útreikning gengistryggðra lána sem ætti að styðja við einkaneyslu a.m.k. til skemmri tíma. Til lengri tíma er hins vegar útlit fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna ákvarðist öðru fremur af kaupmáttarþróun launa, sem aftur er háð fjármunamyndun í útflutningsgreinum, og hvernig skuldaskilum heimilanna verður háttað.


Hagstofan áætlar að einkaneysla aukist um 1,9% á yfirstandandi ári. Síðan er gert ráð fyrir jafnri aukningu til ársins 2018 milli 3% og 3,2% á ári, sem er tæpu prósentustigi yfir meðalaukningu síðastliðinna 30 ára. Eins og gildir um hagvöxt hefur áætlaður vöxtur einkaneyslu árin 2014-2017 lítið breyst frá sumarspá Hagstofunnar 2012 en mat á einkaneyslu ársins 2013 hefur lækkað um 0,7 prósentustig. Hagstofan rökstyður áætlaðan vöxt ársins 2014 með væntri kaupmáttaraukningu vegna komandi kjarasamninga en þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir minni kaupmáttaraukningu árin 2015-2016 er einkaneysla talin vaxa áfram með sama hraða þessi ár. Hagstofan varar jafnframt við að spáin geti reynst of há ef skuldavandi heimila heldur áfram að hamlaneyslu.



Eins og myndin að ofan ber með sér eru greiningaraðilar ekki samtaka í spám um þróun einkaneyslu næstu árin. AGS gerir ráð fyrir jafnri aukningu einkaneyslu árin 2013-2018 en er aftur svartsýnni en Hagstofan og telur vöxtinn vera milli 2,2% og 2,4%. Spá SÍ liggur milli fyrrnefndra tveggja spáa en aftur sker ASÍ sig úr sem gerir ráð fyrir lítilli aukningu árið 2014. Almenn er það einkenni á spá ASÍ að frekar er horft til fjárfestinga en einkaneyslu sem megindrífkraftar hagvaxtar.

Spár um fjármunamyndun eru mun sveiflukenndari en gildir um hagvaxtar- og einkaneysluspár. Hagstofan gerir ráð fyrir að fjárfestingar dragist saman á yfirstandandi ári sem nemur 3,6%. Árin 2014-2015 er gert ráð fyrir að fjárfesting taki við sér og verði yfir 10% bæði árin en síðan verður lítill vöxtur í fjármunamyndun til ársins 2018. Þessi spá felur í sér að fjármunamyndun næstu ára verði áfram lítil í sögulegu samhengi eins og vikið verður að síðar.


Hagstofan segir fjármunamyndun áranna 2014-2015 vera drifna áfram af auknum fjárfestingum atvinnuvega (13,4% árið 2014 og 13,3% árið 2015) og fjárfestingum í íbúðarhúsnæði (25,9% árið 2014 og 13,6% árið 2015). Vöxtur í atvinnuvegafjárfestingum rekur Hagstofan m.a. til stóriðjuframkvæmda sem gert er ráð fyrir að nái hámarki árið 2015. Þar er m.a. um að ræða framkvæmdir við álverið í Straumsvík og framkvæmdir Landsvirkjunar við Búðarháls og á Norðausturlandi. Jafnframt er gert ráð fyrir að árið 2014 verði hafnar framkvæmdir við kísilver á Bakka og álver í Helguvík. Mikil óvissa ríkir um þessar framkvæmdir sem munu hafa mikið að segja um hvort spá Hagstofu nái fram að ganga.



Á myndinni að ofan má sjá að AGS er sem fyrr svartsýnni en Hagstofan og gerir ráð fyrir rýrnun í fjárfestingum árin 2016-2017. AGS telur að stóriðjuframkvæmdir muni drífa fjármunamyndun áfram til skemmri tíma en ætla má að AGS sé svartsýnni á vöxt almennrar atvinnuvegafjárfestingar (án stóriðju, skipa og flugvéla) en Hagstofan. Svigrúm fyrir fjárfestingar fyrirtækja hérlandis mun að miklu leyti ráðast af aðgengi að lánsfé á næstu árum. Aðgengi að erlendu lánsfé er háð afnámi fjármagnshatta og áhuga erlendra fjárfesta.

Bæði SÍ og ASÍ gerðu ráð fyrir mun meiri samdrætti í fjármunamyndun árið 2013 en hinir tveir greiningaraðilarnir. SÍ áætla síðan 13% aukningu fjárfestinga árið 2014 og 21,6% árið 2015. Bankinn gerir ráð fyrir mikilli aukningu stóriðjufjárfestinga árið 2015 en að öðru leyti er rökstuðningur hans í takt við rökstuðning Hagstofu. Vöxtinn sem SÍ áætla umfram Hagstofu árin 2014-2015 má að einhverju leyti skýra með lægra mati ársins 2013. ASÍ gerir hins vegar ráð fyrir miklum viðsnúningi í fjárfestingum árið 2014 og talsverðum vexti árið 2015. Þar munar mestu um fjárfestingar atvinnuvega fyrra árið, sem áætlað er að aukist um 32,9% á meðan spá Hagstofu gerir ráð fyrir 13,4%.

Á meðfylgjandi mynd er sýnt hvernig hlutfall fjármunamyndunar af vergri landsframleiðslu, á föstu verðlagi, þróast næstu árin miðað við forsendur greiningaraðila. Allir greiningaraðilar gera ráð fyrir sögulega lítilli fjármunamyndun árin 2014-2015 en þó kemur fram skýr munur á spá ASÍ og annarra aðila sem undirstrikar mikilvægi fjárfestinga í þeirri spá. ASÍ gerir ráð fyrir að fjármunamyndun verði tæp 16% af landsframleiðslu árið 2015 (á föstu verðlagi) meðan aðrir greiningaraðilar gera ráð fyrir rúmum 14%.




Ef skoðaðar eru spár Hagstofu og AGS til 2018 kemur fram talsverður munur sem er í samræmi við fjárfestingarhorfur árána 2016-2018 hjá þessum aðilum. Það vekur óneitanlega athygli að AGS gerir ráð fyrir að hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu verði undir 13% árin 2016-2018 sem er með lægsta móti sögulega.

Gengi, verðlag og laun

Næstu tíu árin munu útflutningsgreinar áfram gegna lykilhlutverki hvað varðar hagvöxt og lífsskjör á Íslandi. Þessi staða útflutningsgreina kallast á við nauðsyn þess að raungengi krónunnar verði áfram lágt til að tryggja samkeppnishæfni þessara lykilgreina. Aukinn innlendur kaupmáttur og aukin einkaneysla geta leitt til umframeftirspurnar eftir gjaldeyri miðað við gjaldeyrissköpun útflutningsgreina sem setur þrýsting á gengið. Hagur útflutningsgreina ræðst af fjárfestingum, framleiðni, samkeppnishæfni og ekki síst af efnahagslegum skilyrðum og eftirspurn í helstu viðskiptalöndum. Íslenskum útflutningsfyrirtækjum er mikilvægt að aðgengi að alþjóðamörkuðum verði sem frjálssast en á sama tíma eru hér fjármagnshöft sem takmarka verulega viðskipti og hljóta að draga úr erlendum lánum og fjárfestingum á Íslandi. Þannig hafa fjármagnshöftin til skamms tíma dregið úr neikvæðri sveiflu hrunsins en munu til lengri tíma hafa þveröfug áhrif og draga úr hagvaxtarmöguleikum landsins.


Hagstofan spáir að gengi krónunnar styrkist um 0,6% á yfirstandandi ári, að það veikist lítillega árin 2014-2015 en verði síðan óbreytt til 2018. Árin 2013-2018 er því gert ráð fyrir óverulegri gengisbreytingu.


Miklir fyrirvarar eru um þessa spá. Í fyrsta lagi er ljóst að þegar kemur að því að fjármagnshöft verða afnumin eða takmörkuð að miklu leyti mun koma til umtalsverðrar lækkunar gengis a.m.k. til skemmri tíma, þótt hér sé engu spáð um tímasetningar á því. Hagstofan nefnir einnig að endurgreiðslubyrði erlendra lána og endurfjármögnun geti haft mikil áhrif á þróun gengis næstu árin en á móti kemur að Seðlabankinn markaði þá stefnu í maí sl. að verða virkari á gjaldeyrismarkaði til að draga úr gengissveiflum. Óvissunnar vegna segist Hagstofan miða við að gengi krónunnar verði áfram stöðugt en veikt í sögulegu samhengi. Þar sem spáð er meiri verðbólgu hér en í viðskiptalöndum okkar til 2018 þýðir spá Hagstofu að raungengi hækki sem gæti sett þrýsting niðurávið á gengi krónunnar.



Bæði SÍ og ASÍ virðast ganga út frá svipuðum forsendum en báðir aðilar eru lítið eitt bjartsýnni og gera ráð fyrir að krónan styrkist alls um 2%-3% frá 2013 til 2015.

Hagstofan áætlað að vísitala neysluverðs hækki um 3,5% á yfirstandandi ári. Síðan er gert ráð fyrir 3% verðbólgu árið 2014 og að strax árið 2015 verði hún orðin 2,5% í samræmi við verðbólguþátt Seðlabankans. Ekki verður séð að forsendur um gengi og verðlag í spá Hagstofunnar séu leiddar af samspili við aðrar hagstærðir. Jafnframt er spáð miklum launahækkunum frá 2014-2018, allt frá 4,3% til 5,6% á ári.





Í þessari spá Hagstofu felst kaupmáttaraukning launa upp á u.þ.b. 2,6% árið 2014, kringum 1,9% árin 2015-2016 og u.þ.b. 2,8% árin 2017-2018. Jafnframt er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist kringum 3% á ári eins og áður hefur komið fram. Til lengri tíma litið getur íslenska hagkerfið varla fjármagnað slíka aukningu kaupmáttar eða einkaneyslu án þess að til komi talsverð framleiðniaukning. Lykillinn að aukinni framleiðni liggur í arðsömum fjárfestingum. Í því samhengi veit spá Hagstofu um sögulega litla fjármunamyndun árin 2014-2018 ekki á gott. Miðað við hana má ætla að fyrirtæki hérlandis geti ekki fjármagnað vænta aukningu launakostnaðar næstu ára án þess að hækka verð á vöru og þjónustu umfram það sem gert er ráð fyrir. Það myndi aftur valda enn meiri verðbólgu en áætlað er.

Athygli vekur að aðrir greiningaraðilar eru ósammála Hagstofu um verðlagsþróun yfirstandandi árs og verða spár þeirra að teljast trúverðugri miðað við stöðu vísitölu neysluverðs í september. ASÍ spáir mestri verðbólgu árið 2013 eða 4,5%. Almennt eru spár ASÍ og SÍ svartsýnni en spá Hagstofu og gerir Seðlabankinn ekki ráð fyrir að verðbólguþakmiðum verði náð árið 2015. Spá AGS er hins vegar í takt við spá Hagstofu.

Skuldamál þjóðarbúsins

Eins og áður segir hefur skuldastaða heimilanna mikil áhrif á væntingar um einkaneyslu. Skulda- og eiginfjárstaða fyrirtækjanna hefur með sama hætti áhrif á getu þeirra til fjárfestinga. Skuldastaða ríkissjóðs takmarkar getu hins opinbera til að leysa skuldavanda einstaklinga og fyrirtækja. Hér á eftir fylgir útdráttur úr riti Seðlabanka Íslands um Fjármálastöðugleikann 2013:2.

Starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur lítið batnað á undan-förnum mánuðum. Óvissa ríkir á helstu útflutningsmörkuðum Íslendinga og verð helstu útflutningsafurða hefur lækkað á árinu. Skuldir íslenskra fyrirtækja eru enn háar og er skuldamargfaldari þeirra hár í erlendum samanburði. Mörg fyrirtæki eru enn of skuldsett þrátt fyrir endurskipulagningu. Skuldsetningin dregur úr getu fyrirtækja til fjárfestinga. Hægt hefur á lækkun vanskila fyrirtækjaútlána þriggja stærstu viðskiptabankanna og bankarnir hafa í auknum mæli stuðst við lánalengingar við endurskipulagningu. Mikilvægt er að vanskilatölur gefi sanna og rétta mynd af lánasöfnum fjármálafyrirtækja, en endurspegli ekki tilslakanir á lánaskilmálum.

Helsta áhætta sem steðjar að fjármálakerfinu um þessar mundir tengist uppgjörum banka í slitameðferð, fyrirhugaðri losun fjármagnshatta, endurfjármögnun erlendra lána og mikilli skuldsetningu fyrirtækja. Þá gæti erfið staða Íbúðalánasjóðs bakað ríkissjóði umtalsverð útgjöld.


Óvissa ríkir um framhald slitameðferðar búa föllnu bankanna. Viðbrögð slitastjórna bankanna hafa meðal annars verið þau að draga úr hraða við að umbreyta eignum í laust fé, sérlega innlendum eignum, enda er ávöxtun á lausu fé, hérlandis sem erlendis, lág. Verði viðvarandi óvissa um framhald slitameðferðarinnar er hætt á að kröfur komist í eigu fjárfesta sem sérhæfa sig í endurheimtum eigna sem lagalegur ágreiningur er um. Áætlað er að slit búanna hafi neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins sem nemi 45% af VLF miðað við bókfært virði eigna. Er það svipuð staða og áður hefur verið birt.

Áætlaðar afborganir erlendra lána, annarra aðila en ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands, á árunum 2013-2018 eru um 700 ma.kr. Verði undirliggjandi viðskiptaafgangur á næstu árum áþekkur því sem spáð er á þessu ári eða u.þ.b. 2½% af VLF, dugir uppsafnaður afgangur fram til ársins 2018 einungis fyrir tæplega helmingi fyrrnefndra afborgana. Verði afgangur ekki meiri þarf að brúa bilið með, innstreymi fjármagns, endurfjármögnun eða lánalengingu, sem nokkur óvissa er um. Mikilvægt er að samningar takist um lengingu á skuldabréfum milli nýja og gamla Landsbankans þar sem afborgunarferill bréfanna er svo þungur miðað við gjaldeyristekjur þjóðarbúsins og núverandi aðgengi að erlendu lánsfé að afborganirnar gætu valdið óstöðugleika á gjaldeyrimarkaði. Verði ekki lengt í skuldabréfunum með samningum munu fjármagnshöftin koma í veg fyrir að greiðslur til kröfuhafa gamla bankans raski stöðugleika. Horfur um endurfjármögnun erlendis hjá öðrum innlendum aðilum, einkum orkufyrirtækjunum sem eru nú verulega skuldsett, munu batna smám saman eftir því sem erlendar skuldir þeirra lækka á komandi árum.


Íbúapróun og horfur á vinnumarkaði

Í spá um fjölda íbúa í Reykjavík er íbúasamsetning Reykjavíkur eins og hún var í upphafi árs 2013 notuð sem grunnur og gert ráð fyrir að hlutfallsleg magnaukning verði í samræmi við miðspá Hagstofu Íslands á landsvísi til 2018 og 2023. Miðað við þessar forsendur mun Reykvíkingum fjölga um 6.662 manns til ársins 2018 og um 13.377 manns til ársins 2023. Spáin gerir ráð fyrir að börnum á leikskólaaldri fækki lítillega til 2018 en nái sambærilegum fjölda 2023 og hann var árið 2013. Hins vegar gerir spá ráð fyrir að börnum á grunnskólaaldri fjölgi frá árinu 2013 sem nemur 1.005 (7%) til 2018 og 1.949 (14%) til 2023. Íbúum á vinnufærum aldri á bilinu 20-66 ára fjölga samkvæmt spá um 3.393 (4,5%) til 2018 og 5.598 (7,4%) til 2023 og íbúum 67 ára og eldri fjölga um 2.611 (19,5%) og 5.843 (43,7%) yfir sama tímabil.


Gert er ráð fyrir að vinnumagn (full ársverk) muni aukast um 5,8% á milli áranna 2013 og 2018 í Reykjavík í samræmi við spá Hagstofu fyrir allt landið. Aukning vinnumagns er umfram spá um fjölgun íbúa á vinnufærum aldri í Reykjavík á tímabilinu sem er eðlilegt í ljósi þess að fækkun starfa á undanförunum árum varð einna helst í Reykjavík. Einnig ber að hafa í huga að samkvæmt árstíðaleiðréttum gögnum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar fjölgaði Reykvíkingum í hlutastörfum um 16% frá seinni hluta árs 2008 til fyrri hluta árs 2013. Vænta má að einhverjir Reykvíkingar færast úr hlutastarfi í fullt starf á næstu misserum í ljósi forsendna um aukinn hagvöxt og aukna atvinnuvegafjárfestingu. Miðað við sögulega þróun virðist fjöldi starfandi Reykvíkinga vera næmari fyrir hagsveiflum og þá sérstaklega neikvæðum áhrifum niðursveiflna en önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má greina af svæðisbundinni þróun á tímabilunum 2001-2002 og 2007-2009 sem sést á meðfylgjandi mynd.




Í þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir lækkandi atvinnuleysishlutfalli á tímabilinu, þ.e. næstu fimm árin, eins og raunin varð á síðasta ári og það sem af er 2013. Frá 1991 hefur atvinnuleysi í Reykjavík verið um 1%-stigi yfir atvinnuleysi á landsvísu sbr. mynd að neðan. Varast ber að álykta að minnkandi atvinnuleysi á landsvísu leiði til fjölgun starfa eða aukins vinnumagns og á það sérstaklega við um Reykjavík. Hafa ber í huga minnkandi atvinnuleysi næstu missera verður að einhverju leyti rakið til þess að atvinnulausir einstaklingar missi bótarétt og verði einfaldlega skilgreindir utan vinnumarkaðar. Þá kemur upp sú sérkennilega staða að minnkandi atvinnuleysishlutfall leiðir ekki beint til hærri skatttekna. Þvert á móti aukast útgjöld borgarinnar sökum lögbundinnar fjárhagsaðstoðar til þeirra einstaklinga sem klára atvinnuleysisbótarétt. Af þessum sökum ber að varast að draga of miklar ályktanir um vinnumarkað á næstu misserum út frá þróun atvinnuleysishlutfalls.



Til lengri tíma litið er svæðisbundinn vöxtur á vinnumagni og mannfjölda háð framboði íbúða a.m.k. að hluta. Yfir tímabilið 1994-2012 hefur íbúðum fjölgað að jafnaði um 540 á ári í Reykjavík á móti 742 á höfuðborgasvæðinu í nágrenni Reykjavíkur samkvæmt Þjóðskrá. Frá 2008 til 2012 fjölgaði íbúðum í Reykjavík einungis um 649 eða um 162 að jafnaði á ári samanborið við um 1.069 íbúðir í nágrennasveitarfélögum eða um 267 íbúðir að jafnaði á ári. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir umtalsverðri fjölgun íbúða í Reykjavík fram til 2023 eða sem nemur að jafnaði um 800 íbúðum á ári. Miðað við þessar forsendur og að meðalfjöldi íbúa á hverja íbúð sé 2,3 má vænta þess að Reykvíkingum fjölgi um rúmlega 18.500 manns að öðru óbreyttu yfir tímabilið 2014-2023. Hins vegar ber að athuga að áætlanir miða við að um 20% af aukningu íbúðaframboðs verði nemendaíbúðir og íbúðir eldri borgara sem gera má ráð fyrir að minnki meðalfjölda íbúa á íbúð.




Athyglisverðar niðurstöður koma í ljós ef svæðisbundið íbúðaframboð er notað til að spá fyrir um fjölda starfandi. Miðað við þróun tímabilsins 1994-2012 benda niðurstöður til að um 1,32 starfandi fylgi hverri íbúð í nágranna-sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu samanborið við 1,18 starfandi í Reykjavík. Mismun á fjölda starfandi á íbúð má að einhverju leyti rekja til yfirgnæfandi hlutdeildar Reykjavíkurborgar í framboði á félagslegum íbúðum og nemendaíbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur er mikilvægt að athuga að niðurstöður benda einnig til að nágrannasveitarfélög geti verið nokkuð örugg um að 1,32 starfandi muni að jafnaði fylgja hverri íbúð á meðan mikil óvissa er um að 1,18 störf fylgi hverri íbúð í Reykjavík. Þetta endurspeglast á meðfylgjandi mynd.




Fasteignamarkaður

Í kjölfar fjármála- og efnahagskreppunnar á Íslandi varð samdráttur á framboði íbúðarhúsnæðis í Reykjavík og framboð á atvinnu- og opinberu húsnæði nánast staðnaði. Frá 2010 fram að miðju ári 2013 varð tæplega 1% samdráttur í fermetrafjölda íbúðarhúsnæðis samkvæmt álagningarskrá og um 1% aukning á fermetrafjölda atvinnu- og opinbers húsnæðis. Áætlanir gera ráð fyrir talsverðri uppbyggingu í Reykjavík næsta áratuginn sem felur í sér ríflega 1% aukningu byggingamagns að jafnaði á milli ára. Nánar tiltekið er gert ráð fyrir að framboð íbúða aukist að jafnaði um 800 íbúðir á ári, atvinnuhúsnæði um 38 þúsund fermetra á ári og opinbert húsnæði um tæplega 14 þúsund fermetra á ári. Í sögulegu samhengi er árleg framboðsaukning sem gert er ráð fyrir umtalsverð eða tæplega helmingi meiri en meðalframboðsaukning íbúða á ári yfir tímabilið 1994-2012. Áætlanir eru byggðar á mati Umhverfis- og skipulagssviðs og Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar sem hafa kortlagt vænta framtíðaruppbyggingu fasteigna í Reykjavík.




Miðað við mat Fjármálaskrifstofu á þróun fasteignaverðs og spár um uppbyggingu fasteigna í Reykjavík er þróun fasteignagjalda lýst á myndinni fyrir neðan. Gert er ráð fyrir óbreyttum álagningarhlutföllum. Einnig ber að hafa í huga að álagning fasteignagjalda miðast við tímatafða þróun á fasteignaverði þar sem til dæmis álagning fyrir 2014 miðast við þróun á fasteignamarkaði frá febrúar 2012 til febrúar 2013.



Uppbygging í Reykjavík til 2023¹


Byggingarmarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjavík mun væntanlega taka smám saman við sér á næstu 5 árum. Reikna má með töluverðri uppsveiflu í byggingu íbúðarhúsnæðis á næstu árum sem gæti náð ákveðnu hámarki á árunum 2016 til 2019. Fyrir liggur að eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hefur verið að safnast upp á undanförunum árum og tiltölulega stórir árgangar nýrra húsnæðis kaupenda og leigjenda koma að líkindum inn á húsnæðismarkaðinn á næstu árum. Þá er ljóst að verulega hefur gengið á það umframframboð sem var til staðar haustið 2008, þannig að núverandi lager húsnæðis er minni en í meðalári.

1) Þessi kafli er unninn af Umhverfis- og skipulagssviði



Þróun næstu ára er auðvitað áfram háð óvissu um efnahagsþróun og getu fólks að kaupa eða leigja húsnaði. Áhugi lánastofnana, fjárfesta og verktaka á íbúðarhúsnaðismarkaðnum fer hins vegar tvímælalaust vaxandi, sérstaklega varðandi byggingu minni íbúða sem hafa miðlæga legu. Að því leyttinu hefur Reykjavík ákveðið forskot á húsnaðismarkaði höfuðborgarsvæðisins. Miðað við þessar forsendur og fyrirbyggjandi stöðu einstakra verkefna má búast við verulegri uppsveiflu á húsnaðismarkaði eftir 2015, þannig að fjöldi fullgerðra íbúða í Reykjavík verði vel yfir meðallagi. Árin 2013 og 2014 verða hins vegar vel undir meðallagi og raunar fer uppbygging hægar af stað en áætlanir í tengslum við undirbúning nýs aðalskipulags hafa gert ráð fyrir (sjá mynd).

Rekstarniðurstaða samstæðunnar á breytilegu verðlagi er jákvæð allt tímabil fimm ára áætlunar og raunar fyrir næstu tíu árin. Þetta felur í sér mikla aukningu eigin fjár samstæðunnar. Meginástæða þessarar hagfelldu þróunar felst í áhrifum aðgerðaáætlunar eigenda og stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur sem leiddu til endurskoðunar á gjaldskrárstefnu, niðurskurði útgjalda og mikils samdráttar í fjárfestingum.

Áætlun á breytilegu verðlagi	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Rekstartekjur	132.285	138.353	144.531	153.696	159.732	162.933	168.435	173.587	179.072	184.707	39,3%
Rekstargjöld	113.917	118.614	123.129	128.940	134.396	136.782	142.545	146.117	149.888	154.183	35,0%
Rekstarniðurst. f. fjárm.líði	18.368	19.739	21.402	24.756	25.335	26.150	25.890	27.470	29.184	30.524	66,2%
Fjármagnslíðir	-9.203	-3.309	-4.733	-4.154	-4.744	-6.949	-7.438	-6.837	-6.448	-6.388	-30,6%
Rekstarniðurstaða	8.127	14.156	14.606	18.461	18.486	17.458	17.275	19.254	21.247	22.578	177,8%


Meðfylgjandi mynd sýnir rekstarniðurstöðu samstæðu á breytilegu verðlagi 2014-2023 og að auki sviðsmyndir þar sem annars vegar er sýnd þróun rekstrar ef framundan er stöðugt hagvaxtarskeið í þjóðarþróun og hins vegar ef hagvöxtur stendur aðeins stuttan tíma og síðan fer að gæta neikvæðra áhrifa haftanna. Eins og myndin sýnir er hallalaus niðurstaða allt tímabilið, utan ársins 2015 í sviðsmynd um einkaneysludrífinn hagvöxt og munar þar mestu um aðgerðaáætlun eigenda og stjórnenda OR.



(Mkr)	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Áætlun á breytilegu verðlagi	8.127	14.156	14.606	18.461	18.486	17.458	17.275	19.254	21.247	22.578
Einkan.drífinn hagvöxtur	8.127	-1.276	3.670	3.625	9.661	8.629	8.210	9.322	11.076	11.708
Stöðugur hagvöxtur	8.127	20.728	22.527	28.522	28.133	24.442	25.854	27.330	30.203	33.265

Efnahagur

Meðfylgjandi mynd lýsir þeim mikla bata sem áætlun á breytilegu verðlagi gerir ráð fyrir að muni verða á efnahag samstæðunnar vegna aðgerðaráætlunar og bættrar rekstrarafkomu. Myndin sýnir hvernig skuldir lækka og eigin-fjárhlutfall styrkist og nær um 65% við lok tíu ára tímabilsins. Á bak við þetta er sú staðreynd að Orkuveita Reykjavíkur er komin í fjárfestingaflokk á mælikvarða Moody's undir lok tímabilsins.





Eignir í efnahag samstæðunnar aukast skv. áætlun um 10% milli 2014 og 2023 en skuldir dragast saman um 40% þannig að eiginfjárlaukning nemur 102% á tímabilinu. Þessi bati kemur sterklega fram í sjóðstreymi samstæðunnar og lýsir sér meðal annars í mikilli aukningu handbærs fjár.

Áætlun á breytilegu verðlagi	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Eignir	463.906	462.512	460.438	465.309	468.947	469.293	468.885	471.648	477.941	482.378	4,0%
Skuldir og skuldbindingar	291.550	275.549	258.668	244.870	229.781	212.500	194.611	177.972	162.925	144.753	-50,4%
Eigið fé	164.160	178.767	193.573	212.241	230.969	248.595	266.077	285.483	306.828	329.437	100,7%

Skuldahlutfall skv. 64 gr. sveitarstjórnarlaga kveður á um að samstæða (A+B) skuli vera innan 150% hlutfalls heildarskulda á móti reglubundnum tekjum, a.m.k. innan 10 ára. Eins og meðfylgjandi mynd ber með sér verður skuldahlutfall samstæðunnar miðað við áætlun á breytilegu verðlagi komið undir 150% markið árið 2018. Að baki þessum árangri er hátt hlutfall veltufjár frá rekstri á móti heildartekjum samstæðunnar eins og sést á myndinni.

Samkvæmt þessu þarf Reykjavíkurborg ekki tíu ára aðlögunarfrest gangi forsendur fimm ára áætlunar eftir til að ná 150% markinu eins og lögin gera ráð fyrir en borgin nær viðmiðinu árið 2018 eða eftir um fimm ár þegar miðað er við heildarskuldir á móti heildartekjum. Ef hins vegar er miðað við heildarskuldir að veltufjármunum frátöldum sem er eðlilegi mælikvarði að mati Fjármálaskrifstofu þá nær samstæða undir 150% hlutfallið árið 2017 eða eftir einungis fjögur ár.

Til samanburðar er jafnframt sýnt skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga nr. 502/2012 þar sem Orkuveita Reykjavíkur er undanskilin.




Sjóðstreymi



Taflan hér að neðan sýnir helstu stærðir sjóðstreymis árunna 2014-2023 sem fara batnandi allan tímann.

Áætlun á breytilegu verðlagi	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Handbært fé frá rekstri	26.908	28.107	30.709	32.154	33.146	33.262	32.366	34.832	36.875	38.201	42,0%
Fjárfestingahreyfingar	-13.349	-17.372	-2.537	-11.331	-16.467	-16.244	-13.894	-14.663	-16.720	-15.657	17,3%
Fjármögnunargreyfingar	-19.478	-20.235	-21.440	-18.074	-18.001	-17.076	-16.776	-15.275	-13.058	-15.603	-19,9%
Handbært fé í árslok	20.401	10.900	17.631	20.381	19.059	19.000	20.696	25.590	32.687	39.628	94,3%

Geta samstæðu til að fjármagna afborganir langtímalána með sjóðstreymi úr rekstri er mjög góð árin 2014-2023. Með endurskoðun lánasamninga sem eigendur OR samþykktu síðastliðið vor voru greiðsluskuldbindingar aðlagðar að greiðslugetu samstæðunnar. Þetta sést á myndinni hér að neðan.



Myndirnar hér fyrir neðan sýna til samanburðar greiðslugetu samstæðu í sviðmyndum.




A-hluti

Rekstur

Rekstrarniðurstaða A-hluta á breytilegu verðlagi er jákvæð fyrir allt tímabil fimm ára áætlunar og fyrir næstu tíu árin sem felur í sér að A-hluti uppfyllir jafnvægisregluna þegar á næsta ári. Niðurstaða rekstrar miðað við útkomuspá 2013 og áætlun 2014-2015 skilar samanlagt 1,5 milljarða afgangi. Enda þótt þessi niðurstaða sé jákvæð er hún að meðaltali aðeins um 1,5% af tekjum og veitir því lítið svigrúm gagnvart óvæntum áföllum eða kröfum um aukna þjónustu.

Áætlun á breytilegu verðlagi	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Rekstartekjur	82.236	85.592	89.184	95.768	99.090	99.747	102.809	105.483	108.409	111.401	35,0%
Rekstargjöld	81.377	84.693	87.955	92.240	96.366	97.477	100.136	102.936	105.777	108.641	33,0%
Rekstrarniðurst. f. fjárm. liði	859	900	1.228	3.528	2.724	2.270	2.673	2.548	2.632	2.760	221,2%
Fjármagnsliðir	-364	-618	-795	-869	-796	-715	-689	-659	-637	-1.115	206,2%
Rekstrarniðurstaða	495	282	433	2.658	1.928	1.555	1.983	1.888	1.995	1.644	232,2%

Meðfylgjandi mynd sýnir rekstrarniðurstöðu A-hluta á breytilegu verðlagi 2014-2023 og niðurstöður sviðsmynda miðað við stöðugan hagvöxt annars vegar og hins vegar ef hagvöxtur stendur aðeins stuttan tíma og síðan fer að gæta neikvæðra áhrifa haftanna. Eins og myndin sýnir er hallalaus niðurstaða í betri sviðsmyndinni og skilar hún meiri afgangi en áætlun á breytilegu verðlagi öll árin. Hins vegar gæti orðið hallarekstur á öllu tímabilinu 2015-2023 ef forsendur sviðsmyndar um einkaneysludrífinn hagvöxt reynast réttar.




(mkr)	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Áætlun á breytilegu verðlagi	495	282	433	2.658	1.928	1.555	1.983	1.888	1.995	1.644
Einkan.drífinn hagvöxtur	495	-4.382	-1.398	-1.136	-1.640	-3.095	-2.767	-2.800	-2.641	-2.925
Stöðugur hagvöxtur	495	678	1.997	7.299	7.622	6.138	7.857	8.614	9.712	10.898

Efnahagur


Áætlun á breytilegu verðlagi	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Eignir	152.045	153.560	154.267	155.866	156.779	155.837	155.341	154.581	153.754	152.398	0,2%
Skuldir og skuldbindingar	67.064	68.296	68.570	67.511	66.496	64.000	61.520	58.871	56.048	53.048	-20,9%
Eigið fé	84.981	85.263	85.697	88.355	90.283	91.838	93.822	95.715	97.717	99.362	16,9%

Taflan hér að ofan sýnir hvernig eignir vaxa um 3,1% og eigið fé um 6,2% á fimm ára tímabili en þó sýnu meira á tíu ára tímabili.

Meðfylgjandi mynd lýsir vaxandi skuldum og skuldbindingum A-hluta til ársins 2016 en mikið dregur úr aukningu skulda eftir það þar sem miðað er við að tekin verði upp 70% eiginfjármögnun fjárfestinga til ársins 2016 og 100% eiginfjármögnun eftir það vegna sterkara sjóðstreymis. Í raun er sjóðstaða A-hluta það sterk að unnt væri að hætta lántökum á næstu árum. Vert er að veita því athygli að reikna má með umtalsverðum vexti lífeyrisskuldbindinga sem fara hækkandi í takt við hækkandi laun. Myndin sýnir hóflegan vöxt heildarskulda til 2016 og eiginfjárlutfall er um 56% við lok tíu ára tímabilsins.



Í samræmi við ákvæði 64 gr. sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall er hér skoðað hvort skuldahlutfall A-hluta sé innan 150% marka heildarskulda á móti reglubundnum tekjum næstu 10 árin. Eins og meðfylgjandi mynd ber með sér verður skuldahlutfall A-hluta miðað við frumvarp á breytilegu verðlagi ávallt undir 150% marki á tímabilinu. Að baki þessum árangri er lág skuldsetning og ásættanlegt veltufé frá rekstri á móti heildartekjum A-hluta eins og sést á myndinni.






Sjóðstreymi

Í töflunni hér að neðan eru sýndar helstu stærðir sjóðstreymis A-hluta

Áætlun á breytilegu verðlagi	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Handbært fé frá rekstri	4.452	3.998	4.390	4.805	5.418	5.836	5.800	5.887	5.968	5.565	25,0%
Fjárfestingahreyfingar	-5.812	-5.279	-3.246	1.549	-30	-2.304	-1.986	-2.382	-2.315	-2.369	-59,2%
Fjármögnunarahreyfingar	225	-238	-1.011	-2.668	-2.707	-2.586	-2.458	-2.520	-2.583	-2.647	-1274,5%
Handbært fé í árslok	8.224	6.705	6.839	10.524	13.205	14.151	15.507	16.492	17.563	18.111	120,2%

Samkvæmt áætlun á breytilegu verðlagi er geta A-hlutans til að fjármagna afborganir langtímalána með sjóðstreymi úr rekstri mjög góð árin 2014-2023 eins og sést á meðfylgjandi mynd. Hið sama á við í sviðsmynd um stöðugan hagvöxt. En greiðslugetan í sviðsmynd um einkaneysludrifinn hagvöxt er þegar að breyta árið 2017 og stefnir í sjóðpurrd í lok tímabils.



Aðalsjóður og Eignasjóður

Rekstur og efnahagur





Þrátt fyrir að rekstrarniðurstaðan er jákvæð hjá A- hluta þá er gerir áætlun ráð fyrir að Aðalsjóður verði rekinn með halla fyrir allt tímabil fimm ára áætlunar og fyrir næstu tíu árin eins og neðangreind tafla sýnir. Halli Aðalsjóðs er fjármagnaður með þeim hætti að Eignasjóður er látin greiða niður skuldabréf Aðalsjóðs á Eignasjóð.

Áætlun á breytilegu verðlagi Aðalsjóðs	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Rekstartekjur	82.735	86.226	90.077	94.392	98.917	101.995	104.734	107.654	110.619	113.651	36,9%
Rekstargjöld	92.476	96.474	100.254	105.040	109.523	111.493	114.850	118.273	121.761	125.305	35,1%
Rekstrarniðurst. f. fjárm.líði	-9.741	-10.248	-10.177	-10.648	-10.606	-9.498	-10.116	-10.619	-11.141	-11.654	19,7%
Fjármagnsliðir	4.550	4.079	3.599	3.079	2.534	2.152	1.704	1.047	311	-649	-114,3%
Rekstrarniðurstaða	-5.191	-6.169	-6.578	-7.569	-8.072	-7.347	-8.412	-9.572	-10.830	-12.303	137,3%

Áætlun á breytilegu verðlagi Eignasjóðs	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. frá 2014
Rekstartekjur	20.705	21.651	22.392	25.645	25.183	23.835	25.011	25.618	26.548	27.498	33,4%
Rekstargjöld	10.263	10.651	11.127	11.597	12.014	12.278	12.462	12.722	13.078	13.416	31,7%
Rekstrarniðurst. f. fjárm.líði	10.442	11.000	11.265	14.048	13.169	11.557	12.549	12.896	13.470	14.082	35,0%
Fjármagnsliðir	-4.914	-4.696	-4.394	-3.949	-3.331	-2.867	-2.393	-1.702	-942	-466	-90,5%
Rekstrarniðurstaða	5.528	6.304	6.871	10.100	9.838	8.690	10.156	11.194	12.528	13.616	146,7%

Ef lítið er á fimm ára áætlun á breytilegu verðlagi og tíu ára áætlun þá er hægt að fjármagna hallarekstur Aðalsjóðs með fyrrgreindum hætti en það hefur neikvæð áhrif á þróun eiginfjár Aðalsjóðs og jákvæð áhrif á þróun eiginfjár Eignarsjóðs. Þetta þýðir að rekstur Aðalsjóðs verður næmari fyrir verðlagsáhrifum undir fjármagnslið þar sem gengið er á verðtryggðar eignir sjóðsins á meðan gert er ráð fyrir að verðtryggðar skuldbindingar muni aukast. Í sviðsmynd um einkaneysludrifinn hagvöxt hefur Aðalsjóður innleyst alla skuld Eignarsjóðs og frá árinu 2020 lánað Eignasjóður Aðalsjóði vegna rekstrar.

Þá er rétt að benda á að í innri leigu er gert ráð fyrir að Eignasjóður afli fjár til að standa undir eðlilegu viðhaldi í rekstri. Frá gerð fjárhagsáætlunar 2009 hafa fjárheimildir Eignarsjóðs vegna þessa viðhalds verið mikið skertar í þeim tilgangi að ná fram sparnaði í rekstri A-hluta. Í fyrirliggjandi áætlun er eins og framan greinir gert ráð fyrir sérstökum fjárfestingum til að koma til móts við hagræðingar fyrri ára og auknum framlögum til viðhalds í rekstri. Það brúar þó ekki áhrif hagræðinga fyrri ára. Þetta þýðir að þó að afkoma Eignarsjóðs virðist góð og vega upp slaka afkomu Aðalsjóðs þá getur Eignasjóður í raun ekki frestað viðhaldi í rekstri til lengri tíma lítið.



ÁHERSLUR OG LEIÐARLJÓS FAGSVIÐA

Íþrótt- og tómstundasvið

Leiðarljós Íþrótt- og tómstundasviðs er að borgarþúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþrótt- og tómstunda- iðkunar þar sem gleði, sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

Helsta markmið ÍTR er að halda áfram að stuðla að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttri útivist, hreyfingu, íþróttaiðkun og annarri æskulýðsstarfsemi og sé þannig leiðandi í heilsuefandi þjónustu. Huga þarf sérstaklega að sumarstörfum ungs skólafólks og samspili þess við önnur atvinnuáttaksverkefni.

Reykjavíkurborg lagði af stað í áttak á árinu 2011 í uppbyggingu og viðhaldi á sundlaugum borgarinnar. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á næstu árum, m.a. byggingu útisundlaugar við Sundhöllina en samkeppni hefur farið fram um viðbyggingu og útilaug sunnan Sundhallarinnar. Þá er fyrirhuguð uppbygging mannvirkja í Úlfarsárdal fyrir skóla, leikskóla, sundlaug, íþróttahús fyrir Fram og menningartengda starfsemi. Samkeppni um hönnun fer fram um þetta verkefni. Stefnt er að markvissri markaðssetningu þjónustunnar því ljóst er að í uppbyggingu felast fjölmörg tækifæri, fyrir borgina, borgarþúa og aðra gesti hennar.

ÍTR telur mikilvægt að halda áfram að bjóða upp á Frístundakortið. Tilgangur kortsins er meðal annars að auka jöfnuð og gera börnum og ungmennum kleift að taka þátt í uppbyggilegu íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi.

ÍTR ásamt Íþróttabandalagi Reykjavíkur hefur mótað íþróttastefnu Reykjavíkur sem gildir til ársins 2020. Þar er m.a. lögð áhersla á almenningsíþróttir, á fjölskylduna, samvinnu og samrekstur íþróttafélaga. Í íþróttastefnunni er jafnframt lögð áhersla á afreksíþróttamenn sem mikilvægar fyrirmyndir fyrir börn og ungmennt.

ÍTR leggur áherslu á betri nýtingu íþróttamannvirkja og að íþrótt- og tómstundamannvirki skólanna verði sérstaklega tekin til skoðunar varðandi nýtingu og rekstur.

Samningar við ÍBR hafa verið gerðir til þriggja ára m.a. til að auka enn á faglegt starf og stefnumótun. ÍTR telur að huga verði að viðhaldi íþróttamannvirkja og gera áætlun um hvernig staðið skuli að þeim og hvernig fjármagna eigi þær framkvæmdir. Jafnframt þarf að kanna möguleika á samnýtingu íþróttamannvirkja á höfuðborgarsvæðinu og ljúka þarf viðræðum við Fjölni, ÍR og Fram um íþróttamannvirki.

ÍTR mun móta framtíðarsýn og stefnu varðandi fjölbreytta útivist og afþreyingu, þ.m.t fyrir Fjölskyldu- og húsdýr- garð, Siglunes og Ylströnd, Gufunes sem og önnur svæði borgarinnar.

Gerður hefur verið samstarfssamningur milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna í Skálafelli og Bláfjöllum, sem munu tryggja og styrkja rekstur skíðasvæðanna. Gert er ráð fyrir að rekstarábyrgð og stjórn muni færast meira yfir til ÍTR.

ÍTR telur mikilvægt að unnið verði að sameiginlegri stefnumótun ÍTR og MOF m.a. varðandi íþróttatengda viðburði og þjónustu við ferðamenn.

Menningar- og ferðamálasvið

Leiðarljós Menningar- og ferðamálasviðs er að Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu listalífi, fjölbreyttu mannlífi og öflugri ferðaþjónustu. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna og laði til sín gesti allt árið um kring. Sérstaða Reykjavíkur sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru sé þekkt og virt. Menningar- og ferðamálasvið starfar í samræmi við menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlanirnar sem þeim fylgja. Ferðamálastefnan ásamt aðgerðaáætlun var samþykkt í borgarstjórn í maí 2011 en endurskoðun menningarstefnu ásamt vinnu við aðgerðaáætlun stendur yfir.

Sviðið hefur sett sér skýr markmið um að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna með því að hækka ein- skiptis aðgang að söfnum umfram verðlagshækkunar og fjölga jafnframt fullborgandi gestum. Farið verður í áttak við að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og sölu- og markaðsáttak er framundan á Gestakorti Reykjavíkur. Hins vegar verður áfram lögð rík áhersla á að borgarþúar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður sérstakt áttak gert í að auka kynningu og sölu á Menningar- korti. Sérstakt áttak verður sett af stað til að efla safnabúðir, auka veltu og framlegð.

Borg í sókn

Mörg spennandi verkefni eru framundan í ferðapjónustu í Reykjavík en flest bendir til þess að fjölgun ferðamanna til Reykjavíkur haldi áfram á næstu árum. enda er borgin vinsæll áfangastaður og mikilvægt að halda því góða markaðsstarfi sem hefur átt sér stað síðustu ár áfram á faglegan hátt. Fulltrúar ferðapjónustunnar eru bjartsýnir á framtíðina, en eitt stærsta áhyggjuefnið er að fjölgun gesta reyni um of á þolmörk ferðamannastaða. Þetta á líka við um miðborg Reykjavíkur, sem er fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Stefnt er að því að efla Reykjavík sem hátíðar- og ráðstefnuborg. Ýtt hefur verið úr vör verkefnum sem þessu tengjast. Ráðstefnuborgin, Vetrarborgin og Jólaborgin auk Borgarhátíðasjóðs eru allt mikilvægir liðir í að gera Reykjavík að lifandi menningar- og ferðamannaborg allt árið um kring.

Samruni stofnana

Stærstu verkefni næstu ára felast í fyrirhuguðum samruna stofnana innan sviðsins. Fyrir liggur tillaga um að rekstur Víkurinnar—Sjóminjasafns Reykjavíkur verði yfirtekin og í framhaldinu verði rekstur Minjasafns Reykjavíkur, Víkurinnar - Sjóminjasafnsins í Reykjavík, Viðeyjar og Ljósmyndasafns Reykjavíkur sameinaður. Byggist sú tillaga á niðurstöðu ítarlegrar úttektar á rekstri safnanna, tækifærum til eflingar faglegs starfs og hagræðingar í rekstri til framtíðar. Auk þess verða líka könnuð þau tækifæri sem kunna að felast í samstarfi og jafnvel samrekstri Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það að markmiði að styrkja framtíð bókasafnanna sem menningarmiðu í hverfum borgarinnar og auka vægi viðburðadagskrár í söfnunum árið um kring.

Þær borgarstofnanir sem gegna lykilhlutverki við framkvæmd menningar- og ferðalmálastefnu eru Borgarbókasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Minjasafn Reykjavíkur, Höfuðborgarstofa, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Menningarmiðstöðin Gerðuberg og Viðey. Stærstu framlög í menningarmálum renna til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listahátíðar í Reykjavík, Sjónlísta- miðstöðvar á Korpúlfsstöðum og Sviðslistamiðstöðvar í Tjarnarbíói auk almennra styrkveitinga í menningarlífinu.

Skóla- og frístundasvið

Leiðarljós skóla- og frístundasviðs (SFS) er að börnum og ungmennum líði vel, fari stöðugt fram og að þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Markmið SFS er að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra, að stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar, auka þverfaglegt samstarf þessara eininga, efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri starfseininga. Þetta eru lykilatriðin í starfi SFS til næstu ára.

Á skóla- og frístundasviði sitja leikur, nám og frístund við sama borð. Þar blómstra sérsvið og sérkenni hvers fags en jafnframt er gerð rík krafa um þverfaglegt samstarf fagfólks. Á grundvelli samstarfs ólíkra fagstétta skapast tækifæri til fjölbreyttari menntunartækifæra og frístundastarfs fyrir börn og ungmenni. Samstarfið byggir á trausti aðila og virðingu fyrir mismunandi gildum, ólíkri hugmyndafræði og mismunandi aðferðum til uppeldis og menntunar. Á skóla- og frístundasviði eru börn og ungmenni í brennidepli og öll þjónusta tekur mið af því. Starfs- og fjárhagsáætlun sviðsins endurspeglar þessar áherslur. Áhersla verður lögð á sterka sjálfsmynd og samskiptafærni barna og ungmenna og að þau finni fyrir öryggi, vellíðan og gleði. Í gegnum starfið eiga þau að öðlast víðtæka þekkingu og færni og ná árangri. Jafnframt er lögð áhersla á að börn og ungmenni séu samfélagslega ábyrg, virk og víðsýn. Starfið á að vera við hæfi hvers og eins og án aðgreiningar. Mikið verður lagt upp úr samstarfi við foreldra, börn og nærsamfélagið. Það á ekki síst við um það stóra verkefni sem unnið er hjá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs við að þróa nýjar aðferðir til að auka flæði milli skólastiga, námsgreina/sviða og skóla- og frístundastarfs. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að tilrauna- og umbótastarf byggji á rannsóknum og árangur verði metinn.

Mikilvægustu viðfangsefni og áherslur SFS næstu fjögur árin eru á þverfaglegt samstarf til að tryggja heildstæða sýn á lærdómsumhverfi barna og ungmenna og þjónustu við fjölskyldur þeirra. Lögð verður áhersla á að menning starfsstaða SFS einkennist af hvatningu, stöðugri framþróun með símenntun, vinsamlegu viðhorfi, fagmennsku og metnaði. Áhersla verður á framsækna stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið SFS eru skýr um leið og stjórnunin einkennist af ásetningu til umbóta.

Stefnt er að því að ljúka innleiðingu aðalnámskráa grunnskóla og leikskóla fyrir árslok 2015. Unnið verður að samþættingu skóla- og frístundastarfs meðal annars með því að hvetja starfsfólk til að kynna sér hugmyndafræði hins óformlega náms og tryggja að menntun tómstunda- og félagsmálafræðinga geti notið sín í skóla- og frístundastarfi. Áfram verður unnið að vinsamlegu samfélagi, samstarfi við foreldra, teymisstjórn um málefni einstakra barna, kennslu lífsleikni og öðrum verkefnum sem tengjast félagsmótun í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og lærdómur dreginn af farsælum þróunarverkefnum. Unnið verður í samstarfi við háskóla um þróun skóla- og frístundastarfs og hvatt til þess að faghópar vinni í samstarfi við háskóla. Viðmið um gæði beggja skólastiga og frístundastarfs verða sett. Unnið verður að þróun leikskólustarfs yngstu barna og leikskólar hvattir til að nýta sér niðurstöður þróunarverkefna. Þá verður unnið að auknum sveigjanleika og samþættingu í tengslum við niðurstöður rannsókna um skil skólastiga. Unnið verður með hugmyndafræði óformlegs náms og reynslunáms, með áherslu á nám sem fram fer utandyra og í náttúrunni. Stefnt er að því að gera upplýsingar um fjármál starfsstaða aðgengilegar á heimasíðum og sundurliðaðar eftir helstu kostnaðarþáttum.

Stuðlað verður að því að foreldrar séu virkir þátttakendur og ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar skóla- og frístundasviðs. Þetta verður m.a. gert með því að halda úti öflugri upplýsingagjöf og fræðslu til foreldra og vinna að því að leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar geri áætlun um samskipti og samstarf við foreldra.

Lögð verður áhersla á símenntun og starfsþróun á sviði upplýsingatækni sem og fræðslu um þá miklu möguleika sem felast í nýtingu vefsins í skóla- og frístundastarfi með það að markmiði að efla hæfni barna til að taka á móti og vinna úr upplýsingum, hæfni til að takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni og hæfni til samvinnu. Stefnt er að því að borgin sé í fararbroddi í þróun og notkun upplýsingatækni, snjalltækja og opins hugbúnaðar í skóla- og frístundastarfi. Forvarnir í skóla- og frístundastarfi verða eflar með verkefnum sem stuðla að vinsamlegu samfélagi meðal barna og starfsmanna, samfélagi sem einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og mannvirðingu. Leitað verður nýrra leiða til að efla forvarnir og bæta ráðgjöf vegna unglunga í áhættuhópi gagnvart vímuefnum.

Unnið verður markvisst að jákvæðum viðhorfum til skóla fyrir alla í samfélagi fyrir alla, meðal annars með innleiðingu nýrrar stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum. Einnig verður úthlutun á fjármagni vegna barna sem þurfa stuðning í skóla- og frístundastarfi endurskoðuð, þátttökubekkjum sérskóla fjölgað og ráðgjafarhlutverk þeirra eftt. Þá verður málkönnunarpróf nýtt til að kanna stöðu barna með annað móðurmál en íslensku og úthlutun fjármagns til íslenskukennslu endurskoðuð.

Sérstök áhersla verður lögð á læsi og lestrarhvetjandi verkefni í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi, jafnrétti kynjanna, mannréttindi og lýðræði, heilbrigði og vellíðan, menningarstarf í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni. Þá verður lögð áhersla á rannsóknir og þróun og að SFS hafi yfirsýn yfir niðurstöður rannsókna sem varða skóla- og frístundastarf. Starfsstaðir verða hvattir til þátttöku í erlendu samstarfi. Innra og ytra mat verður nýtt til stöðugra umbóta. Mat á frístundastarfi verður innleitt, með þróun gæðaviðmiða. Ytra mat (heildarmat) verður próað á leikskóla- og frístundastarfi, hjá Námsflokkum Reykjavíkur, skólahljómsveitum og í tónlistarskólum.

Umhverfis- og skipulagssvið

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssvið lúta að því að styrkja Reykjavík í átt að sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Jafnframt skal stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgarbúa og aðra viðskiptavini sviðsins.

Skipulagsmál

Vinnu við endurskoðun aðalskipulags er nú að ljúka og gert er ráð fyrir að það verði staðfest í byrjun árs 2014. Á grundvelli ákvæða nýrra skipulagslaga var ákveðið að vinna hverfisskipulag fyrir gróin hverfi borgarinnar. Vinna við skipulagslýsingu er nú hafin, fyrir utan miðborgina og gert er ráð fyrir að í árslok 2015 verði þeirri vinnu að mestu lokið. Hverfisskipulag er þróunaráætlun gróinna hverfa í samræmi við lykilmarkmið aðalskipulags en jafnframt framkvæmdaáætlun hvað varðar fjárfestingar borgarinnar í hverfum borgarinnar.

Í samræmi við aðalskipulag og húsnaðisáætlun Reykjavíkur verður lögð áhersla á skipulagsgerð á þéttingarreitum og er hafnarsvæðið áfram í fókus. Skipulag vesturbugtars er á lokametrunum og áform eru um endurskipulag svæðisins í kringum Hörpu. Sjá má fyrri sér miklar breytingar á því svæði á næstu árum sem krefst bæði skipulags og framkvæmda af hálfu borgarinnar.

Borgarrýmið verður til sérstakar athugunar á komandi árum, endurhönnun og endurgerð borgargatna, borgartorga og hverfismiðja. Árið 2013 opnaði teikningavefur byggingarfulltrúa sem breytti þjónustuviðmóti gagnvart viðskiptavinum og áfram verður lögð áhersla á rafræna þjónustu. Einnig er stefnt að því að efla eftirlit með framkvæmdum bæði á lóðum og í borgarlandinu.

Samgöngumál

Í samgöngumálum er unnið að undirbúningi stærri og smærri samgönguverkefna, bæði sjálfstætt og í samvinnu við Vegagerðina þegar um þjóðvegi er að ræða. Vaxandi áhersla er lögð á vistvæna ferðamáta, uppbyggingu hjólræðastíga í samræmi við samþykktu hjólræðaáætlun borgarinnar, forgang almenningssvagna í umferðinni, notkun vishæfra ökutækja og að vinna gegn notkun nagladekkja. Umferðaröryggismál eru sem fyrr afar mikilvæg, ekki síst vegna þeirra yngstu og elstu í umferðinni. Unnið er að bættu umferðarstýringu og nýtingu umferðarmannvirkja.

Stefnt verður að því að fækka bílastæðum á yfirborði í borgarlandinu, einkum miðborginni, og að gjaldtaka vegna bílastæða verði í samræmi við kostnað af gerð og rekstri bílastæða.

Umhverfismál

Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkur sem er hluti af endurskoðuðu aðalskipulagi verður rauði þráðurinn í starfsemi umhverfis- og skipulagssviðs enda byggir hún á staðardagskrá 21 og Reykjavík í mótun en hvorutveggja fjallar um sjálfbæra þróun.

Úrgangsmál skipa æ stærri sess í borgarumhverfinu og á tímabilinu verður unnið áfram að aukinni endurvinnslu með endurvinnslu á öllum heimilum í borginni. Hafin verður söfnun á lífrænum úrgangi til gasgerðar. Unnið verður áfram að aukinni umhverfismenningu borgarstarfsmanna og stofnana borgarinnar með innleiðingu „Grænna skrefa“ en sú innleiðing hefur gengið vonum framan. Einnig er stefnt af því að greina umhverfisstjórnun í rekstri borgarinnar og grænt bókhald innleitt.

Unnin verður aðgerðaáætlun fyrir aukna trjárækt sem tekur mið af trjáræktarstefnu og tækifæri til borgarbúskaps verða aukin. Unnin verður aðgerðaáætlun fyrir endurnýjun og viðhald leiksvæða sem tekur mið af leiksvæðastefnu borgarinnar og bættu aðgengi fatlaðs fólks að leiksvæðum. Lögð verður enn frekari áhersla á fræðslu um náttúru og líffræðilegan fjölbreytileika í borgarlandinu og unnin verður stjórnunaráætlun og eftir atvikum skipulag og aðgerðaáætlun um vernduð svæði og svæði á náttúruminjasrá

Framkvæmdir

Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár lagt verulegt fjármagn í framkvæmdir með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum. Í fyrirbyggjandi fimm ára áætlun verður áfram lögð áhersla á mannaflsfrekar framkvæmdir og framkvæmdir sem leiða ekki af sér aukningu rekstrarkostnaðar hjá Reykjavíkurborg. Þá er einnig áfram haldið verkefnum vegna meiri háttar viðhalds og endurbóta, s.s. við sundlaugamannvirki, skóla- og leikskólalóðir, göngu- og hjólastíga. Næstu fimm ár verður fjárfestingum Reykjavíkurborgar beitt til að styðja við vöxt í atvinnulífi og auka lífsgæði borgarbúa í samræmi við atvinnustefnu, húsnæðisstefnu og stefnumörkun í aðal- og hverfisskipulagi.

Við forgangsroðun fjárfestingarkosta verður litið jafnt til atvinnusköpunar, arðsemi og jákvæðra samfélagslegra áhrifa. Sérstaklega verður leitað leiða til að ráðast í framkvæmdir sem styðja við sóknarfæri í atvinnulífi borgarinnar, þéttingu byggðar og/eða gera borgarlífið heilbrigðara, öruggara, skemmtilegra og meira skapandi. Í samræmi við gæðastefnu borgarinnar sem er hluti af endurskoðuðu aðalskipulagi verður við íslenska hönnun og hugvit með samkeppnum og hugmyndaleit þar sem því verður við komið. Leitast skal við að innleiða ferli við hönnun mannvirkja sem stuðla að sjálfbærni þeirra.

Rekstur

Dregið hefur verið nokkuð úr fjármagni til reksturs undanfarin ár en með tilkomu sífellt fleiri ferðamanna er ljóst að auka þarf nokkuð við það fjármagn er fer til rekstrar borgarlandsins enda hefur ásynd borgarinnar mikil áhrif á ímynd hennar. Áfram verður unnið að gerð umhirðu og hreinsunaráætlana með það að markmiði að styrkja útstöðvar. Endurskipulagning grassláttar stendur yfir og en þar er þörf fyrir fjárfestingu í fleiri sláttutækjum. Sífellt er verið að skoða hvernig auka má skipulagningu og góðan undirbúning í verkefnum til þess að nýta fjármagn til rekstrar sem best. Innleiðing á appi í ábendingarvef borgarlandsins er til þess fallin að ná betra utnumhaldi um það sem betur má fara og til að geta veitt borgarbúum betri þjónustu.

Á næstu árum þarf að fullklára sameiningu útstöðva og endurskipuleggja verkefni, verkferla og upplýsingaflæði auk þess að ná fram meiri hagkvæmni í innkaupum.

Umhverfis-og skipulagssvið mun leggja metnað sinn í að vera til fyrirmyndar í vistvænum rekstri og í samræmi við leiðarljós sviðsins leggja sífellt meiri áherslu á upplýsingar og fræðslu til fyrirtækja og almennings um hverfismál og tengsl umhverfis og heilsu.

Auk ofangreinds mun sviðið sinna lögboðnu hlutverki sínu og leggja áherslu á frekari útgáfu og kynningarmál sem er liður í því að efla umræðu um umhverfis-og skipulagsmál.

Velferðarsvið

Leiðarljós Velferðarsviðs er að stuðla að auknum lífsgæðum fólks. Kjörorð sviðsins eru virðing, virkni, velferð.

Mikilvægustu viðfangsefni og áherslur Velferðarsviðs á næstu árum markast líkt og undanfarin ár að verulegu leyti af afleiðingum efnahagsvanda annars vegar og hins vegar af yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Mikil aukning hefur orðið á umfangi og þjónustu sviðsins undanfarin ár og fátt bendir til annars en að málaflokkurinn muni halda áfram að kalla á aukið fé til lengri tíma hvort sem horft er til framtíðar út frá lýðfræðilegum, efnahagslegum, hugmyndafræðilegum eða þekkingarlegum forsendum. Það eru því brýnir hagsmunir Reykjavíkurborgar að um leið og núverandi þjónustupörfum til skemmri tíma er mætt sé svigrúm til að fjárfesta í fyrirbyggjandi verkefnum og þjónustu sem dregið getur úr aukinni þörf fyrir velferðarþjónustu til lengri tíma.

Reynslan hefur sýnt að atvinnuleysisstig hefur áhrif á marga þjónustupætti á Velferðarsviði. Líklegt má því telja að fjárhagsaðstoð, húsnæðisaðstoð, félagsleg ráðgjöf og barnaverndarþjónusta haldi áfram að vega þungt í þjónustu Velferðarsviðs næstu fimm árin, bæði hvað varðar fjármagnspörf og fjölda þjónustunotenda, þrátt fyrir að þörfin ætti að fara stigminnkandi í kjölfar minnkandi atvinnuleysis. Vonir eru einnig bundnar við að aukin þjónusta og tækifæri fyrir fólk á fjárhagsaðstoð sem efla á vinnufærni stuðli að aukinni atvinnuþátttöku fólks og dragi þar með smátt og smátt úr útgjöldum til fjárhagsaðstoðar. Slík úrræði kalla þó einnig á fjármagn og starfskrafta. Ljóst er einnig að hagræðing undanfarin ár í heilbrigðis- og velferðarþjónustu hjá ríki og fyrirsjáanlegt áframhaldandi aðhald kemur víða fram í velferðarþjónustu borgarinnar, hvort sem horft er til atvinnumála, þjónustu við börn og ungmenntu, aldraða, fatlað fólk, innflytjendur, fólk með fíknivanda og heimilislausa. Það sama gildir um lagabreytingar og reglugerðir sem eru í takt við breytta tíma en kalla einnig víða á aukin útgjöld. Nauðsynlegt er að eiga öflugt og markvisst samtal við ríkið um ákvarðanir sem hafa bein áhrif inn í þjónustu sveitarfélagsins.

Á næstu árum verður áfram þörf á meira fjármagni í þjónustu sem veitt er í heimahús, enda stefna að fólk sem er í þörf fyrir þjónustu geti fengið þjónustuna heim eins lengi og kostur er. Það eykur lífsgæði og sjálfstæði íbúa og dregur úr þörf á uppbyggingu stofnanarþjónustu og sértækra húsnæðisúrræða. Mikið ákall er um aukna og breytta þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks, bæði vegna þess að skortur var á því að þjónustupörfum notenda væri mætt þegar málaflokkurinn færðist yfir til borgarinnar en einnig í takt við markaða stefnu Reykjavíkurborgar um framtíðarsýn í málefnum fatlaðs fólks, innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna og áherslu á nýjar leiðir við veitingu þjónustu. Mikilvægt er að málaflokkar sem sveitarfélög taka yfir frá ríki séu fullfjármagnaðir og mun borgin horfa grannt til viðbragða ríkis við fyrirhugaðri endurskoðun. Ávallt þarf að huga að fyrirbyggjandi þjónustu í þágu barna og ungmenna, enda sýnir þekkingarleg þróun sífellt skýrar fram á að markviss stuðningur við börn og ungt fólk í vanda er árangursrík leið til að draga úr framtíðarvanda. Borgarstjórn samþykkti nýja húsnæðisstefnu 2011 og húsnæðishópur borgarráðs hefur nú skilað áætlun um innleiðingu hennar til næstu ára. Vinna þarf að endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsnæðisbætur hjá borginni og taka afstöðu til frekari þróunar húsnæðisþjónustu, stuðnings af hálfu sveitarfélaga og skilgreiningu þeirra hópa sem þurfa sértæka aðstoð.

Á næstu fimm árum er þannig ljóst að takast verður á við fjölda verkefna af auknum krafti. Til að fyrirbyggja vanda til framtíðar og stuðla að velsæld og velferð borgarbúa leggur velferðarráð sérstaka áherslu á stuðning við fjölskyldur, snemmtæka íhlutun og virkar forvarnir. Í borginni búa einstaklingar með fjölbreytilegar þarfir og leggur borgin áherslu á að styðja og styrkja börn og fjölskyldur sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, veikinda, fjárhagserfiðleika, áfalla, eða öldrunar. Þannig er lagður grunnur að sterku og öflugu samfélagi til langrar framtíðar þar sem allir fá að njóta sín, lifa og starfa á eigin forsendum.

Megináherslur velferðarráðs fyrir árin 2014-2018 eru skilgreindar eftirfarandi: Áframhaldandi markviss stuðningur og ráðgjöf við íbúa Reykjavíkurborgar sem standa höllum fæti fjárhagslega og félagslega, unnið verði að því að allir borgarþátttakendur hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, þjónusta við fatlað fólk sé þróuð í takt við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks og þjónusta við aldraða þróuð samkvæmt þjónustustefnu fyrir eldri borgara og til að undirbúa fyrirsjáanlega fjölgun aldraðra á næstu árum.

Ráðið leggur einnig áherslu á markvisst verði unnið að forvörnum í þágu barna og ungmenna fjölskyldna þeirra til að bæta líðan í daglegu lífi og til framtíðar og að velferðarþjónusta sé þróuð í takt við aukinn fjölbreytileika borgarþátttakenda og auknar kröfur um að þörfum sé mætt á einstaklingsgrunni. Loks telur ráðið mikilvægt að Velferðarsvið sem ábyrgð ber á velferðarþjónustu borgarinnar sé undirbúið fyrir frekari yfirfærslu málaflókka frá ríki til sveitarfélaga, stöðugt sé horft til umbóta- og gæðavinnu til að auka hagkvæmni, skilvirkni og fagleg vinnubrögð og að sérstök áhersla verði lögð á eflingu starfsmannahóps sviðsins til að mæta nýjum áskorunum og kröfum í þjónustu.

Velferð í borgarsamfélagi snýst ekki bara um að tryggja að allir hafi í sig og á og þak yfir höfuðið. Þegar fjölbreytileiki einstaklinga fær að njóta sín í lífi og starfi í gefandi umhverfi og allir hafa jöfn tækifæri til að taka þátt í samfélaginu verður velferð hluti af því að byggja upp öflugan höfuðborg. Erfiðleikar og breytingar undanfarinna ára hafa kallað á harða forgangsroðun einstaklinga, samfélagsins og borgarinnar í heild. Velferðarþjónusta hefur notið skilnings og vinna þarf enn frekar í því að efla vitund fólks um að velferð er allra mál.

Ráðhús

Ráðhús Reykjavíkur fer með miðlæga stjórnsýslu og stoðþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar. Hlutverk miðlægrar stjórnsýslu er að fara með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar og veita sviðum og stofnunum borgarinnar stuðning á því sviði. Það er hennar að búa í hagin fyrir kjörna fulltrúa og tryggja aðgang þeirra að gögnum og greiningu til undirbúnings stefnumótunar. Það er jafnframt hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Enn fremur er það hlutverk miðlægrar stjórnsýslu að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirkt upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Skrifstofa borgarstjórnar og skrifstofa borgarlögmans heyrir undir miðlæga stjórnsýslu sem og eftirfarandi skrifstofur sem heyrir undir embætti borgarritara; skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, fjármálaskrifstofa, mannréttindaskrifstofa og skrifstofa þjónustu og reksturs.

Miðlæg stjórnsýsla kemur að fjölbreyttum verkefnum á vegum borgarinnar. Á næstu misserum verður lögð sérstök áhersla á innleiðingu nýrrar atvinnustefnu borgarinnar, samræmingu á þjónustu borgarinnar, innleiðingu rafrænnar þjónustu og rafrænna innkaupa, aukna þjónustu við innflytjendur og innleiðingu jafnréttis- og mannréttindaverkefna samkvæmt nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Jafnframt verður lögð áhersla á bættar tölfraðiupplýsingar um borgarmál með gagnvirkum upplýsingabrunni, kortlagningu græns hagkerfis, þróun á aðferðum og verklagi við langtíma áætlunargerð, kynjaða fjárhagsáætlun og aukna aðkomu almennings við undirbúning fjárhagsáætlunar, útrýma kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg og bæta fræðslu og þjálfun starfsmanna og stjórnenda borgarinnar.

